

## Nokkur grundvallaratriði

1. Sálin lífgar starfstækin sín á tvennan hátt og í gegnum tvo tengistaði í líkamanum:
  - a. Lífþráðurinn er tengdur hjartanu.
  - b. Vitundarþráðurinn er tengdur heilanum.
2. Tök sálarinnar á starfstækjum sínum byggist á "aldri sálarinnar".
3. Þessi tvíþætta tenging við starfstækin hefur haft mótandi áhrif á efni þeirra, en það efni er þegar mótað af fyrri reynslu.
4. Að baki efnislíkamanum liggur það sem nefnt er etherlíkami eða orkulíkami. Hann er samsettur úr orkuþráðum (nadíum) sem mynda rásir fyrir orkutegundir sem eru fíngerðari en etherorkan og af margvíslegri gerð. Sú orka mótast af stöðu sálarinnar.
5. Taugarnar og nadíurnar í etherlíkamanum mynda eina heild, og þessi heild hefur í sér brennipunkta fyrir mismunandi orkugerðir. Þeir nefnast orkustöðvar og á þeim en ekki efnislíkamanum byggist lífsreynsla og tjáning sálarinnar. Þeir stjórna innkirtlakerfi líkamans.
6. Þetta innra og ytra kerfi stjórnar birtingu sálarinnar á efnissviðinu. Það gefur til kynna tak eða yfirráð sálarinnar á tæki sínu. Inn um miltisstöðina streymir prönuorka umhverfisins. Nálægt miltisstöðinni mætast tveir miklir orkustraumar: Straumur hinnar efnislegu lífsorku og straumur vitundarorku atómanna sem mynda formið.
7. Þessir tveir innri dulmeðvitundar-orkustraumar mynda kross í líkama mannsins og er samsvörun við "kross efnisins" sem rætt er um í sambandi við Guðdóminn.  
Meginrásirnar milli sálar og starfstækis eru:  
Mænurótarstöðin, höfuðstöðin og miltað.
8. Þegar stjórnandinn í höfðinu lyftir með ásetningi og viljaathöfn hinum samsöfnuðu orkutegundum í mænurótarstöðinni, dregur hann þær inn í segulsvið orkustöðvanna upp með hryggnum og blandar þeim við hinn tvígreinda orkustraum frá miltanu. Þá vaknar hryggurinn með sínum fimm orkustöðvum til virkni og að lokum blandast allar orkutegundirnar í einn samþættan orkustraum. Þá gerist þrennt:
  - a. Kúndalíni orkan streymir upp með hryggnum og brennir burt etherhimnur sem aðgreina og verja hinar mismunandi orkustöðvar.
  - b. Etherlíkaminn magnast af líforku og efnislíkaminn sambærilega.
  - c. Öll áran samhæfist og lýsist upp, og sálin getur þá að eigin vilja yfirgefið efnislega starfstækið í fullri vökuvitund eða dvalið í því eins og holdgaður sonur Guðs. Þetta ferli fullkomnast við þriðju vígsluna.